


Alþingi
Erindi nr. P 135/2600
komudagur 8.S. 2008

Alþingi
Samgöngunefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 6. maí 2008
Tilvísun: 2008050353 ÞS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun

Persónuvernd vísar til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 29. apríl 2008, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til breytinga á lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun (þskj. 823, 522. mál á 135. löggjafarþingi).

1.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til viðbót við 1. mgr. 5. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um að Póst- og fjarskiptastofnun geti krafð alla þá sem stunda starfsemi, sem fellur undir lög um fjarskipti og pósthjónustu, til að afhenda allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Verði viðbótin að lögum munu aðrir aðilar einnig þurfa að afhenda nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt lögum um fjarskipti og pósthjónustu, þ.e. lögum nr. 81/2003 og nr. 19/2002.

Tillagan um viðbótina er rökstudd með því að fjölmörg ákvæði þessara laga leggi skyldur á aðra aðila en fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur. Um það eru nefnd ýmis dæmi í athugasemdum við 1. gr. í greinargerð með frumvarpinu, s.s. 46. gr. fjarskiptalaga sem setur því skorður að fjarskiptatækni sé notuð til beinnar markaðssetningar, 48. gr. sömu laga um fyrirkomulag við hljóðritun símtala (þ.e. að sá sem hljóðritar símtal skuli almennt tilkynna viðmælanda sínum um hljóðritunina áður en hún hefst) og 33. gr. pósthjónustulaga um óheimilar póstsendingar.

Í ljósi framangreinds telur Persónuvernd þær aðstæður geta komið upp í starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar að eðlilegt og málefnalegt geti verið að fara fram á gögn vegna eftirlits og úrlausnar einstakra mála frá öðrum en fjarskiptafyrirtækjum og póstrekendum. *Persónuvernd gerir því ekki tillögu að breytingu á fyrirhugaðri viðbót við 1. mgr. 5. gr. laga nr. 69/2003.*

Hins vegar er lögð á það áhersla að verði viðbótin að lögum ber að beita henni í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Má þar nefna grundvallarreglur 1. mgr. 7. gr. þeirra laga, þ. á m. að við vinnslu persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum,

málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

2.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á og viðbætur við 13. gr. laga nr. 69/2003 þar sem fjallað er um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Á meðal þess sem breyta á er skipun nefndarinnar, þ. á m. að afnema skuli það fyrirkomulag að nefndarmenn, sem samgönguráðherra skipar, skuli tilnefndir af Hæstarétti. Í frumvarpinu segir um þetta fyrirkomulag:

„Þegar úrskurðarnefndin var fyrst skipuð árið 1996 var megintilgangurinn [með tilnefningu Hæstaréttar] að tryggja sjálfstæði úrskurðaraðilans gagnvart stjórnvöldum en ríkið var þá stærsti eignaraðilinn að hlutabréfum í Landsímanum hf. Fyrirtækið hefur verið selt og þau sjónarmið og þær sérstöku aðstæður sem réttlættu þessa tilhögun á skipan nefndarmanna í úrskurðarnefnd eiga ekki alls kostar við lengur varðandi þau ágreiningsmál sem varða fjarskiptamál, en langflest mál sem komið hafa til kasta úrskurðarnefndar á síðustu árum varða fjarskiptamál. Örfá mál er varða póstin hafa komið til kasta nefndarinnar á síðustu árum og hafa þau almennt verið minni háttar og tengst kvörtunum notenda póstpjónustu gagnvart Íslandspósti hf.“

Einnig er í frumvarpinu bent á þá grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar að ráðherrar fara, hver á sínu sviði, með æðstu yfirstjórn stjórnsvéslunnar og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Segir að tilgangurinn með umræddri breytingu á skipun nefndarinnar sé að skjóta styrkari stoðum undir þessa meginreglu. Þá segir að þrátt fyrir þetta verði nefndin algjörlega óháð ráðherra við faglegar úrlausnir mála eins og áður.

Um stjórnvöld á sviði fjarskiptamála er fjallað í tilskipun 21/2002/EB um sameiginlegan ramma stjórnsvéslu um fjarskiptanet og -þjónustu. Í 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar er fjallað um mikilvægi sjálfstæðis slíkra stjórnvalda gagnvart fjarskiptafyrirtækjum. Umrædd tillaga frumvarpsins mótast af því að íslenska ríkið á ekki lengur hlut í slíku fyrirtæki. Til þess ber hins vegar að líta að Póst- og fjarskiptastofnun getur að nokkru leyti talist til stjórnvalds samkvæmt tilskipun 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Persónuvernd er það stjórnvald sem fyrst og fremst sinnir þeim málaflokki hér á landi, en í IX. kafla fjarskiptalaga nr. 81/2003 er að finna ýmis ákvæði um vernd persónuupplýsinga sem Fjarskiptastofnun framfylgir, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB skal stjórnvald, sem framfylgir reglum um vernd persónuupplýsinga, starfa alveg sjálfstætt að þeim verkefnum sem því eru falin. Í þessu felst m.a. að stjórnvald skal hafa faglegt sjálfstæði og að niðurstöður þess skulu ekki sæta endurskoðun ráðherra, auk þess sem ráðherra á ekki að hafa vald til að beina fyrirskipunum til stjórnvaldsins. Þá getur það fyrirkomulag að ráðherra skipi að minnsta kosti hluta af meðlimum slíks stjórnvalds að fenginni tilnefningu verið þáttur í tryggja sjálfstæði þess. Þegar litið er til þess telur Persónuvernd *æskilegt að úrskurðarnefndin sé í það minnsta að hluta til tilnefnd af Hæstarétti.*

3.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við ákvæði umrædds frumvarps.

Virðingarfyllt

f.h. forstjóra Persónuverndar

